



LavaConcept Iceland

471013-1610

Víkurbraut 16

870 Vík

20. desember 2024

Vík í Mýrdal

Tilvísun: 2408017

FRAMKVÆMDALEYFI

**á grundvelli 13.gr. skipulagslaga nr.123/2010 og reglugerð nr. 772/2012,
með síðari breytingum**

vegna efnistöku á efnistökusvæði E14 Sunnan Hjörleifshöfða

Framkvæmdaraðili: LavaConcept Iceland ehf., kt.471013-1610, Víkurbraut 16, 870 Vík

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs Mýrdalshrepps þann 14. október 2024 var tekin fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til efnistöku úr E14 Sunnan Hjörleifshöfða. Málið hlaut eftirfarandi afgreiðslu:

Efnistaka á Kötlutanga - framkvæmdaleyfi v.E14 (2408017)

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á sandi á næstu 15 árum úr Höfðafjöru (E14).

Framkvæmdin er í samræmi við umhverfismat framkvæmdarinnar en Skipulagsstofnun gaf út álit um framkvæmdina þann 4. Mars 2024.

Skipulags- og umhverfisráð heimilar fyrir sitt leyti að veitt verði framkvæmdaleyfi skv. umsókninni.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps staðfestir afgreiðslu ráðsins á 669.fundi / 17.október 2024

Þar sem framkvædin er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins er framkvæmdaleyfi því gefið út fyrir efnistöku á árlega um 35.000 m³ á ári af sandi til notkunar við sandblástur, til 2033 eða alls 315.000 m³ úr 7,5 ha efnistökusvæði E14 Sunnan Hjörleifshöfða. Leyfi þetta felur einnig í sér möguleika framlengingu framkvæmdaleyfis út árið 2033 þar til heimild náma er fullnýtt, allt að 500.000 m³, sé óskað eftir.

Framkvæmdin skal vera í samræmi við framkvæmdarlýsingu í umsókn og uppdrátt „Umsókn um framkvæmdaleyfi EFLA_20240919“.

Framkvæmdaraðila er skylt að fylgjast með breytingum á stransvæðinu og sjá til þess að farið sé eftir skilyrðum vöktunaráætlunar sem unnin verður í samráði við skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps og þá aðila sem fylgjast með strandrofi við Vík. Framkvæmdaraðila munu bera kostnað af vöktunaráætlun í samræmi við skilmála aðalskipulags Mýrdalshrepps.



LavaConcept Iceland

471013-1610
Víkurbraut 16
870 Vík

20. desember 2024
Vík í Mýrdal
Tilvísun: 2408017

Framkvæmdaraðili skal ávallt stefna að því að lágmarka neikvæð áhrif efnistöku, samþætta svæðið vel að umhverfi sínu og nýta staðbundinn gróður til skógræktar að lokinni efnistöku. Við frágang efnistökusvæða skal leitast við að fjarlægja ummerki um efnisnámið og fella það sem náttúrulegast inn í landið í kring.

Vegtenging við Þjóðveg 1, þar á meðal allar öryggismerkingar, skal unnin í samvinnu við Vegagerðina og skal öllum upplýsingum um hana skilað á rafrænu formi til sveitarfélagsins. Allir efnisflutningabílar skulu vera með ábreiðslur við efnisflutninga til að koma í veg fyrir að gjall og ryk berist frá bílunum.

Efnisvinnsla í námunni skal aðeins fara fram á virkum dögum frá 8:00 til 18:00 og efnisflutningar á virkum dögum frá kl. 9:00 til 18:00. Ekki er heimil efnisvinnsla eða flutningar á lögbundnum frídögum.


Leyfishafi skal afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinn.

Meðfylgjandi gögn:

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi, EFLA, dags.19.9.2024
2. Umhverfismatsskýrsla, EFLA, dags.21.11.2023
3. Álit um umhverfismat framkvæmdar, Skipulagsstofnun, dags.4.3.2024
4. Samþykki landeiganda, EP Power Minerals Iceland, dags.11.9.2024

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins og miðast gjaldið við eftirlit sveitarfélagsins og að frágangur verði skv. framlögðum áætlunum framkvæmdaaðila.

Gildistími framkvæmdaleyfisins er til 31. desember 2033. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfudegi leyfis.



Vík í Mýrdal, 20 desember 2024